
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 104. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 8. maí 2014, kl. 13:10-15:00
Fundarstaður: RARIK, Dvergshöfða 2
Fundarefni: 1) Gögn ársins 2013.
2) Stuðlar ársins 2013, gögn til Orkustofnunar.
3) Skráningarkerfi
4) Önnur mál.
a) „Stuttur tími“, bls. 7 í handbók. Skilgreining.
b) Vefsíðan TRUFLUN.IS

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson, Landsnet
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Magnús Júlíusson, Orkustofnun
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða

EFLA: Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir

Fjarverandi: Egill Sigmundsson, HS Veitur
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

104 fundur START hópsins.

- 1) Magnús Júlíusson hefur tekið við af Erlu Björk Þorgeirsdóttir sem fulltrúi Orkustofnunnar í START hópnunum. Magnús var boðinn velkominn til starfa.

Allar veitur fyrir utan Rafveita Reyðarfjarðar hafa skilað gögnum til Orkustofnunnar.

- 2) KR fór yfir skýrsluna „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2004-2013“. Drög að skýrslunni var dreift á hópinn fyrir í vikunni. Orkuveita Reykjavíkur hefur sent eina athugasemd sem verður skoðuð áður en endanleg skýrsla veður gefin út.

Á síðasta fundi kom tillaga frá KRÁ um að megin tölfræði í skýrslunni ætti að byggja á truflunum sem vara lengur en 3 mínútur. Umræður voru um þetta atriði.

KR lagði til að byggja megin tölfærðina á öllum truflunum, gögn sem sendar hafa til „Nordel“ hafa byggt á öllum truflunum. Í kafla 4 mætti bæta við skiptingu milli þéttbýli og dreifbýli fyrir RARIK. KRÁ nefndi að hafa kafla 4 eins og kafla 3, og tölfærði vegna truflunum sem vara lengur en 3 mínútur (kafla 4) verði með 10 ára gögnum en þær eru 5 ár í skýrslunni. Niðurstaða er að hafa skýrsluna óbreytta, það þurfa að koma rök fyrir því að breyta framsetningu. KR skoðar að bæta við skiptingu þéttbýli og dreifbýli fyrir RARIK í kafla 4 og hvort áætlun ársins leyfi það að reikna kafla 4 með 10 ára tímabili.

Hægt er að koma með athugasemdir við skýrslu til byrjun júní. Fyrirhugað er að gefa út skýrslunna um miðja júní.

- 3) Skráningarkerfi. HS Veitur sendu inn uppsögn á START kerfinu í byrjun febrúar. Fullrúar Orkuveitu Reykjavíkur og Landsnets hafa samþykkt uppsögnina með 3 mánaða uppsagnarfrests.

Landsnet er með til skoðunar að nota MS SQL server í stað Oracle gagnagrunn.

GHG nefndi að þeir væru að nota DMM og hugsanlega myndu þeir skipta um skráningakerfi.

IB varpaði fram þeirri hugmynd að skráningarforrit sem EFLA býður vegna skráningar á rekstrartruflunum verði í sér hóp og verði ekki með í ætlun hópsins á næsta ári.

BE yfirgefur fundinn.

- 4) Undir liðnum önnur mál var fjallað um 5 atriði.

- a) „Stuttur tími“, bls. 7 í handbók. Skilgreining. Fyrirspurn kom frá RE um túlkun á „stuttur tími“ á bls. 7 í handbók.

Frá handbók:

„Ef margir en nokkurn veginn samfelldir hlutar einnar rekstrareiningar gefa sig á skömmum tíma ber að skrá slíkt sem eina rekstrartruflun. Dæmi um slíkt er þegar margir staurar í röð brotna í óveðri eða þegar hreinsa þarf salt af mörgum einangrurum á sömu línu. Ef aftur á móti nokkrir staurar á hvorum enda langrar línu brotna á svipuðum tíma ber að skrá slíkt sem tvær truflanir. Ef sama orsök hefur margar truflanir vegna sömu einingar á sama stað í för með sér á stuttum tíma á einungis að skrá eina truflun. Lína getur t.d. farið nokkrum sinnum út meðan óveður geysa og á þá að skrá það sem

eina truflun sem hefst þegar línan fer fyrst út og líkur þegar hún er sett inn eftir síðustu útleysinguna. “

Við skráningu þarf meta aðstæður, ef það er sama orsök (tilefni truflunar) á sömu einingu er skráð ein truflun. Í textanum er notað „stuttum tíma“, til að leggja áherslur að ekki er um að ræða „daga“.

b) *Vefsíðan: TRUFLUN.IS*. RE kom með ábendingu um að tengingar á vefsíðu eru ekki virkar. Einnig nefndi hann hvort þörf væri á síðunni. IB hefur skoðað teningar á síðunni og virkuðu þær eðlilega, ef það koma upp vandræði með síðuna TRUFLUN.IS ætti að hafa samband við hann. IB lagði áherslu að halda áfram með síðuna, þar hefur hópurinn notað til að miðla upplýsingum, þar er allar skýrslur og fundargerðir aðgengilegar notendum veitufyrirtækja og öðrum áhugasömum. Huga mætti að skipta um vefumsjónarkerfi til að auðvelda viðhald síðunar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 23. október 2014, hjá Orkustofnun.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2004-2013.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
KR	Fara yfir athugasemd frá OR um SAIDI stuðul fyrir árið 2011.
KR	Uppfæra skýrslu. Athuga með breytingu á kafla 4, ef tímaáætlun leyfir.
IB	Koma með kostnaðaráætlun um að uppfæra vefumsjónarkerfi fyrir vefsíðu START hóps.